


# REYKJAVÍK LIÐINNA DAGA

*Ljósmyndasýning Óskars Gíslasonar  
í tilefni af 50 ára afmæli  
Ljósmyndarafélags Íslands  
að Kjarvalsstöðum 21. júlí - 3. ágúst 1976*

*Opin alla virka daga frá kl. 14.00-22.00*

Stofnfundur Ljósmyndarafélags Íslands 1926.



# Sýningarskrá:

## MAGNÚS ÓLAFSSON

### Iljósmyndari

Nr.

1. Reykjavík.
2. Séra Friðrik Friðriksson.
3. Verslunin Edinborg.
4. Á morgungöngu.
5. H. P. Duus.
6. Fiskþurrkun á Kirkjusandi.
7. Kennaraskólinn.
8. Séð yfir miðbæinn.
9. Lækjargata og lækurinn.
10. Pósthússtræti.
11. Lækjartorg.
12. Pósthúsið í Reykjavík 1908.
13. Hæstiréttur.
14. Battarið rífið.
15. Pilskipafloftinn á höfninni.
16. Gullgróftur í Vatnsmýrinni.
17. Fiskbreiðsla á Kirkjusandi.
18. Hans póstur í Hafnarstræti.
19. Fyrsti slökkviliðsbíllinn.
20. Hljómsveit í Bárinni.
21. Hans póstur við Gasstöðina.
22. Þing Fiskifélagsins.
23. Pósthúsið í Reykjavík.
24. Landakotskirkja.
25. Björn Jónsson.
26. Nathan & Olsen í Austurstræti.
27. Bakari, Vallarstræti 4, 1910.
28. Skotvarðan við Tjörnina.
29. Godthaab, Austurstræti.
30. Skrúðganga við Austurvöll.
31. Uppskipun á heyi við Steinbryggjuna.
32. Völundur.
33. Bakari við Vesturgötu.
34. Við Elliðaárnar.
35. Sundfólk í Skerjafirði.
36. Bifreiðastöð Reykjavíkur í Vonarstræti.
37. Laugavegur.
38. Hótel Reykjavík.
39. Auglýsing frá Edinborg.
41. Slippurinn.
42. Kennslustund í Menntaskólanum.
43. Kappsund í Skerjafirði.
44. Ístaka á Tjörninni.
45. Miðbærinn.
46. Heildsala H. Th. A. Thomsens.
47. Verslun.
48. Magnús Benjaminsson úrsmiður.
49. Þorvaldur pólití.
50. Frikirkjan.
51. Reykjavíkur Apotek.
52. Sameinaða félagið.
53. Matthias Þórðarson og nemendur.
54. Höfnin.
55. Í gömlu sundlaugunum.
56. Strætisvagn.

57. Járnbrautin.
58. Á vinnustofu Guðmundar frá Miðdal.
59. Poul Reumert og Hákansen.
60. Ó. Johnson & Kaaber, Hafnarstræti.
61. RE 1. Togari.
62. Stofa Árna Thorsteinssonar.
63. Uppskipun á saltfiski.
64. Járnbrautin.
65. Styttta Ingólfs Arnarsonar afhjúpuð.
66. Skrúðganga templara.
67. Hótel Hekla.
68. Bensinafgreiðsla.
69. Landsimahiúsið.
70. Hús Jóns Þorsteinssonar skósmiðs.
71. Sólarlag við höfnina.
72. Austurstræti.
73. Fisksölutorgið við höfnina.
74. Einar Jónsson myndhöggvari.
75. Stefania Guðmundsdóttir og Jóhannes Paulsen.
76. Erlingur Pálsson og sundfólk.
77. Guðmundur Björnsson landlæknir.
78. Bifreiðastöð Steindórs.
79. Steinbryggjan.
80. Væringjar, fyrsta skátasveit K.F.U.M.
81. Tryggvi Gunnarsson.
82. Sólhvöll.
84. E.S. Reykjavík strandar við Battarið.
85. Pósthússtræti.
86. Séð yfir miðbæinn.
87. Fólk á skautum á Austurvelli.
88. Sólarlag við Tjörnina.
89. Jónas Jónsson og Magnús Jónsson.
90. Jóhannes Kjarval.
91. Björnsbakari.
92. Trésmiðaverkstæði Jóns Halldórssonar.
93. Stefania Guðmundsdóttir.
94. Árni Eiríksson í Lénharði fógeta.
95. Anna og Milla Borg.
96. Árni Eiríksson leikari.
97. Stefania Guðmundsdóttir.
98. Árni Eiríksson og Stefania Guðmundsdóttir í Brúduheimilinu.

## ÓSKAR GÍSLASON

### Iljósmyndari

Nr.

99. Braggar við Bergstaðastræti 1945.
100. Churchill í Reykjavík.
101. Gamlárskvöld í Reykjavík.

102. Hernámið.
103. Jól 1946.
104. Vigsla Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.
105. Við vigslu Dvalarheimilisins.
106. Sama.
107. Randý.
108. Haraldur Björnsson leikari.
109. Saumað úti í garði.
110. „Drottningin“ fer frá Reykjavík.
111. Aðalstræti 1945.
112. Reykjavíkurflugvöllur afhentur Íslendingum.
113. Loftbelgur yfir Reykjavík.
114. Ásgrímur Jónsson máleri 1946.
115. Fólk á skautum á Tjörninni 1945.
116. Úr kvikmyndinni „Reykjavík vorra daga“ (Sif Þórs).
117. Varðarhúsið í Reykjavík.
118. Biðröð 1946.
119. Séra Bjarni Jónsson 1945.
120. Ásgrímur Jónsson máleri 1946.
121. Jóhannes S. Kjarval máleri 1946.
122. Einar Jónsson myndhöggvari 1947.
123. Kvöld í Reykjavík 1939.
124. Tivoli opnað í Reykjavík.
125. Séra Bjarni Jónsson.
126. Í garði Hressingarskálans 1947.
127. Ístaka úr Tjörninni 1935.
128. Á skrifstofu bæjarins 1946.
129. Togarinn Ingólfur Arnarson 1947.
130. Braggar við höfnina.
131. Við Ingólfsgarð.
132. Aðalstræti.
133. Kvöld í Hafnarstræti 1938.
134. Bæjarstjórnarfundur í Reykjavík 1945.
135. Við Bergstaðastræti.
136. Fiskað í soðið handa Reykvik-ingum 1947.
137. Móðurást.
138. Mjólurstöðin 1938.
139. Hljómskálagarðurinn 1935.
140. „Stúdíó“ mynd.
141. Síldarlöndun í Reykjavík.
142. Austurstræti 1928.
143. Rauðmagasala á götum Reykjavíkur.
144. 17. júní í Reykjavík 1946.
145. Kvöld í Reykjavík 1940.
146. 17. júní.
147. Við höfnina 1940.
148. „Gentlemen“ fyrir framan Hótel Borg, 1938.
149. „Væringjar“, fyrsta skátasveitin.
150. 17. júní 1946.
151. Gömlu sundlaugarnar 1947.
152. Á Bessastöðum.
153. Jóhannes S. Kjarval 1946.

Helgi Hjörvar 1946.  
 Vilhjálmur S. Vilhjálmsson  
 blaðamaður.  
 Anna Borg leikkona sem fjall-  
 konan 17. júní 1946.  
 Mjólkurskómmun 1947.  
 Bankastræti 1935.  
 Hótel „Hekla“ 1944.  
 Kolakraninn 1950.  
 Hallargarðurinn.  
 Grásleppuveiðar 1946.  
 Slippurinn.  
 Skák.  
 Heimablettur sleginn.  
 Uppboð.  
 Bogi að sýna „Reykjavík vorra  
 daga“ 1947.  
 Á bæjarstjórnarfundum 1946.  
 Húsamálari.  
 Barnaleikvöllurinn við  
 Grettisgötu.  
 Frostaveturinn 1918.  
 Sama.  
 Lækjargatan.  
 Frostaveturinn 1918.  
 „Saga Borgarættarinnar“  
 kvikmynduð 1919.  
 Sama.  
 Húsflutningur í Bergstaða-  
 stræti 1935.  
 Einar Benediktsson skáld 1925.  
 Hótel Ísland brennur 1944.  
 Sama.  
 Skólavörðun.  
 Ólafur Hvannadal, fyrsti prent-  
 myndagerðarmaður.  
 Skruðganga kabólka  
 safnaðarins 1928.  
 25 ára afmæli K.F.U.M. 1924.  
 Slippurinn í Reykjavík.  
 „Tugthúsið“ við Skólavörðustíg.  
 Oddur sterki af Skaganum.  
 Jóhanna.  
 Jarðarför.  
 Við Tjörnina.  
 Gamla Landakotskirkjan.  
 Í Hallargarðinum.  
 Tjarnarendinn.  
 Útsýn yfir höfnina.  
 Miðbærinn.  
 Útsýn yfir Reykjavík.  
 Guðrún.  
 Silðarlöndun í Reykjavík 1947.  
 Úr kvikmyndinni „Reykjavík-  
 ævintýri Bakkabræðra“.  
 Séð úr Skólavörðunni 1915.  
 Sama.  
 Skólavörðustígur 1915.  
 Skólavörðustígur 1973.  
 Séð úr Hallgrímskirkju 1973.

207. Sama.  
 208. Kvöld við Höfnina.  
 209. Sveinn Björnsson forseti.  
 210. Frumsýning kvikmyndarinnar  
 „Síðasti bærinn í dalnum“.

**MAGNÚS ÓLAFSSON**

**Ljósmyndari**

(viðbót)

Nr.

211. Bruninn í Hafnarstræti í Reykja-  
 vík 1915.  
 212. Sama.  
 213. Bruninn, séð frá Austurvelli.

**SIGFÚS EYMUNDSSON**

**Ljósmyndari**

Nr.

214. Hótel Ísland.  
 215. Miðbærinn.  
 216. Gamla kirkjan í Landakoti.  
 217. Knattspyrnufélagið Fram.  
 218. Höfnin í Reykjavík.  
 219. Iðnó.  
 220. Skólavörðustígur fyrir aldamót.  
 222. Lækurinn.  
 223. Laugarnesspítali.  
 224. Höfði.  
 225. Fiskverkun.  
 226. Lækjartorg.  
 227. Sama.  
 228. Tjarnargata.  
 229. Hús Sigfúsar Eymundssonar.  
 230. Lækjargata.

**PÉTUR BRYNJÓLFSSON,**

**konunglegur hirðljósmyndari**

Nr.

231. Sólarlag við höfnina.  
 232. Bankastræti.  
 233. Steinbryggjan.  
 234. Bruninn við Amtmannsstíg.  
 235. Hús Völundar í byggingu.

**ÓLAFUR MAGNÚSSON**


**konunglegur hirðljósmyndari**

Nr.

236. Helgi Helgason í „Ræningj-  
 unum“.  
 237. Stefania Guðmundsdóttir og  
 Árni Eiríksson í Lénharði.  
 238. Einar H. Kvaran skáld.  
 239. Stefania, Friðfinnur og Soffía  
 í „Ímyndunarveikinni“.

**Ljósmyndari ókunnur**

240. Revían Haustdagar.  
 241. Spánskar nætur.  
 242. Úr Reviunni.



**ÓSKAR GÍSLASON** er fyrir löngu þekktur fyrir ljósmynda-  
 störf sín og kvikmyndagerð. Hann hóf að vinna á eigin ljós-  
 myndastofu árið 1922, en gerðist síðar einn af helstu frum-  
 kvöðlum íslenskrar kvikmyndagerðar. Nægir að nefna kvik-  
 myndirnar „Björgunarafrékið við Látrabjarg“ (1949) og  
 „Síðasti bærinn í dalnum“ (1950) í því sambandi. Þessar  
 tvær greinar, ljósmyndun og kvikmyndagerð, hafa með ýms-  
 um tilbrigðum haldist í hendur á starfsferli Óskars, allt frá  
 námsárum hans og fram á þennan dag. Svo skemmtilega  
 vildi til, að framköllunin, sem óyggjandi er þeim sameigin-  
 leg, tengdi Óskar þeim báðum þegar á námsárum hans.  
 Og þótt annað viki síðar fyrir vexti hins urðu ljósmyndun  
 og kvikmyndagerð aldrei viðskila til fulls á starfsferli  
 Óskars.

Um það leyti sem Óskar var við ljósmyndanám hjá Ólafi  
 Magnússyni ljósmyndara, voru Danir að kvikmynda hér á  
 Íslandi Sögu Borgarættarinnar eftir Gunnar Gunnarsson.  
 Þá atvikaðist það svo að það kom í hlut Óskars Gíslasonar  
 að framkalla prufur vegna kvikmyndunarinnar, en kvik-  
 myndatökumaðurinn danski kenndi honum aðferðina. Tókst  
 með þeim ágætur kunningskapur. Þessa aðferð gat Óskar  
 notfært sér, þegar hann fór að taka eigin kvikmyndir. Varð  
 hann þar með fyrstur til að framkalla kvikmyndir hér á  
 landi. Fyrir þessum undirstöðupætti beggja greina hefur  
 Óskar borið sérstaka virðingu æ síðan.

Óskar Gíslason stundaði framhaldsnám í ljósmyndun í  
 Kaupmannahöfn á árunum 1920–1921 hjá hinum virta hirð-  
 ljósmyndara og jafnframt brautryðjanda í danski kvik-  
 myndagerð, Peter Elfelt. Jafnhliða naut Óskar kunnings-  
 skaparins við kvikmyndatökumann Borgarættarinnar og

gafst því tækifæri til að fylgjast með kvikmyndatökum í kvikmyndaverum Nordisk film í Valby. Eftir heimkomuna 1922 setti hann á stofn ljósmyndastofu að Kirkjustræti 10, en var síðan lengst af með ljósmyndastofu í Austurstræti 14. Eftir 1944 vék ljósmyndastofuvinnan til hliðar fyrir kvikmyndagerðinni, sem hann hafði gert ýmsar tilraunir með fram til þessa. Kvikmyndatímabilið stóð fram undir 1959, en þá neyddist hann til að hætta af óviðráðanlegum orsökum. Í heilan áratug var kvikmynd frá hendi Óskars Gislasonar nærri árviss viðburður í þjóðlífinu. Þegar kvikmyndagerðinni sleppti tók ljósmyndunin við á ný og síðustu árin starfaði Óskar á ljósmyndastofu sjónvarpsins, sem hann réðist til að skipuleggja, þegar sjónverp hófst 1966.

Eftir að Óskar hætti hjá sjónvarpi var langt frá því að vinnubrekið væri farið að minnka. Þvert á móti fannst honum hann nú fyrst hafa heimt þann tíma, sem hann þurfti til að láta áratuga gamlan draum rætast: Þá ljósmynda-sýningu, sem þér nú litið augum.

Óskar er þeim eiginleikum búinn, að vera fær um að takast á við ófyrstiganlega erfiðleika, glíma við þá þangað til ekki verður betur gert, láta síðan slag standa. Þetta er leyndardómur brautryðjandans. Að auki er hann gæddur þeim persónutófrum, sem þarf til þess að laða að sér samstarfsmenn og hefur til að bera viljastyrk, starfsþrek og áráðni til að taka áhættu, leggja jafnvel allt undir. Kvikmyndagerð Óskars ber vitni um þetta og það sem meira er, ljósmynda-sýningin að Kjarvalsstöðum gerir það líka. Á sýningunni eru m.a. ljósmyndir unnar upp af gömlum glerplötum frá því um aldamót. Þegar í ljós kom, að þær reyndust mun gallaðri en ætlað var, gerði hann sér brátt grein fyrir því, að hann hefði of nauman tíma til að fullvissa þær, ef hann hyggðist standa við hinn ákveðna sýningartíma. En hann var búinn að einsetja sér að sýna á þessu ári, og þar sem allir aðrir tímar ársins voru upp-pantaðir, lætur hann slag standa. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem Óskar unnir sér engrar hvíldar til að ná settu

marki. Þegar hann var að vinna við lýðveldiskvikmynd sína, var hann við tókur á daginn og framköllun á nóttunni í þrjá sólarhringa, síðan hélt vinnuálagið áfram við allan frágang, svo að hann gæti staðið við fyrirfram ákveðna frumsýningu þrem dögum eftir hátið. Þegar hann kvikmyndaði strandið sjálft í hinni frægu kvikmynd sinni „Björgunarafrækið við Látrabjarg“, hafði hann verið á göngu í vonzkuveðri í fimm tíma nóttina áður en hann kom á strandstað og gat farið að kvikmynda. Þá varð hann að snúa kvikmyndatökuvélinni við til að vera viss um að loppinn, tilfinningalaus fingurinn hitti á gangsetjara kvikmyndatökuvélarinnar.

**Ljósmynda-sýning** Óskars Gislasonar á Kjarvalsstöðum 1976 er fyrsta einkaljósmynda-sýning hans. Elstu ljósmyndir Óskars á sýningunni eru frá árinu 1915 eða ári áður en hann hóf nám í ljósmyndun. Yngstu ljósmyndirnar eru teknar frá sama sjónarhorni rúmri hálfri öld síðar. Meginviðfangsefni sýningarinnar er að sýna Reykjavík, líf hennar og vöxt á fyrri helmingi aldarinnar. Til stuðnings þessu viðfangsefni og í virðingarskygni við frumherja ljósmyndunar á Íslandi hefur Óskar unnið upp eftir glerplötum, sem varðveittar eru í Þjóðminjasafni, ljósmyndir frá því um og eftir aldamót. Hér er um að ræða ljósmyndir teknar af Sigfúsi Eymundssyni, Péttri Brynjólfssyni, Ólafi Magnússyni, kennara Óskars, og Magnúsi Ólafssyni. Flestar myndirnar hafa ekki komið fyrir almenningssjónir áður.

Óskar Gíslason er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og bærinn því honum kær. Hugmyndina að þessari sýningu fékk hann fyrir um 30 árum, þegar hann var að vinna að hinni umfangsmiklu heimildarkvikmynd sinni „Reykjavík vorra daga“. Reykjavík liðinna daga, gæti verið eins konar yfirskrift þessa nýjasta þrekvirkis hins 75 ára siunga ofurhuga.

Þór Magnússon, þjóðminjavörður, aðstoðaði Óskar við val flestallra ljósmyndaanna á sýningunni en Björn Björnsson, leikmynda-teiknari, við uppsetningu hennar.

*Erlendur Sveinsson.*

## ÓSKAR GISLASON

- 1901 Fæddur í Reykjavík, 15. apríl.
- 1916 Nám í ljósmyndun hjá Ólafi Magnússyni, ljósmyndara.
- 1919 Aðstoðar Larsen, kvikmyndatökumann Borgarættarinnar við að framkalla upptökuprúfur.
- 1920 Siglir til Hafnar til framhaldsnáms í ljósmyndun hjá Peter Elfelt, konunglegum hirðljósmyndara. Fylgist með kvikmyndagerð hjá Nordisk film í Valby í Kaupmannahöfn.
- 1922 Stofnar sína fyrstu ljósmyndastofu í Kirkjustræti 10.
- 1926 Stofnfélagi Ljósmyndarafélags Íslands.
- 1935 Vinna á ljósmyndastofu Ólafs Magnússonar.
- 1940 Vinna á ljósmyndastofunni Týli.
- 1944 Lýðveldishátiðin, fyrsta kvikmyndin, sýnd opinberlega í kvikmyndahúsi. Frumsýning þrem dögum eftir hátið.
- 1944–6 Íslands hrafnistumenn, heimildarmynd um hátiða-höld sjómanna-dagsins.
- 1947 Reykjavík vorra daga, I. hluti, frumsýnd í Tjarnarbiói í febrúar.
- 1948 Reykjavík vorra daga, II. hluti, frumsýnd í Tjarnarbiói í október.
- 1949 Björgunarafrækið við Látrabjarg, frumsýnd í Tjarnarbiói 8. apríl. Síðasti bærinn í dalnum kvikmyndaður um sumarið.
- 1950 Síðasti bærinn í dalnum frumsýndur í Austurbæjarbiói 30. mars.

- 1951 Gamanmyndin Reykjavíkuraævintýri Bakkabræðra frumsýnd í Stjórnubíói í október, ásamt aukamyndinni Tófráflaskan, sem var kvikmyndaður látbragðs-leikur.
- 1952 Ágirnd, expressionísk kvikmynd byggð á látbragðs-leiknum Hálsfestin eftir Svölu Hannesdóttur. Frumsýning í Tjarnarbiói 5. desember ásamt aukamyndinni Alheimsmeistarinn. Mikil blaðaskrif og gerð tilraun til þess að stöðva sýningu myndarinnar.
- 1954 Nýtt hlutverk. Raunsæileg kvikmynd um líf verka-fólks byggð á samnefndi sögu Vilhjálms S. Vilhjálmssonar. Frumsýning í Stjórnubíói á páskum. Fyrsta íslenska kvikmyndin, þar sem tal var tekið upp samhliða mynd.
- 1957 Stofnað í október nýtt framleiðslufyrirtæki, Íslenzkar kvikmyndir h.f. Opnuð kvikmynda-vinnustofa í Múla með fullkomnum útbúnaði til kvikmyndagerðar og framköllunarþjónustu fyrir almenning.
- 1966 Ræðst til sjónvarpsins og skipuleggur ljósmynda-stofu þess.
- 1971 Margvislegur heiður í tilefni sjötugsafmælis. Gerður heiðursfélagi Ljósmyndarafélags Íslands, Slysavarnafélags Íslands, Félags kvikmyndagerðarmanna og sæmdur Fákaorðunni.
- 1976 Hættir stórfum hjá sjónvarpi 1. janúar. Undirbúningur ljósmynda-sýningar og hún opnuð í júlí að Kjarvalsstöðum.